



Til leikskólanefndar

Kópavogi, 19. nóvember 2025  
25032763/002.09 SHJ

**Efni: Innritun barna í leikskóla um áramót 2025–2026 – ágrip**

Stefnt er að því að fjölga leikskólaplássum í Barnaskóla Kársness um tuttugu í janúar, með fyrirvara um mönnun. Lögð er fram tillaga til samþykktar í leikskólanefnd þar sem óskað er eftir að menntasviði verði heimilt að víkja frá reglum um innritun í leikskóla. Í innritunarreglum er gert ráð fyrir að úthlutað sé eftir aldri barna og flutningar milli leikskóla fari fram í upphafi skólaárs.

Í meðfylgjandi tillögu er lagt til að við innritun um áramót verði gerð sú undantekning að börn sem búa í grennd við Barnaskóla Kársness og komust ekki í leikskóla í sínu hverfi í fyrstu úthlutun og eru því á flutningslista, fái forgang á úthlutað pláss um áramót. Þar með losnar um rými í öðrum leikskólum Kópavogs sem yngri börnum á biðlista verður boðið að þiggja.

Virðingarfyllst,

---

Anna Birna Snæbjörnsdóttir  
Sviðsstjóri menntasviðs

---

Sigrún Hulda Jónsdóttir  
Deildarstjóri leikskóladeildar

